LÖG

um

kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

13
14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu áliti sóknarnefndar.

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sér kirkjugarðsmálefni bæjarins að öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til ríkissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.